

Fyrirspurn

til félagsmálaráðherra um réttarstöðu erlendra kvenna sem vinna á einkaheimilum.

Frá Margréti Frímansdóttur.

1. Er lokið könnun á aðstæðum, réttarstöðu og skyldum erlendra kvenna sem koma til landsins og vinna á einkaheimilum? Ef svo er, hver var niðurstaða þeirrar könnunar?
2. Nær könnunin einnig til þeirra sem starfa á heimilum fulltrúa erlendra ríkja sem hér dvelja um lengri eða skemmri tíma?
3. Hafa kvartanir eða kærur borist frá erlendum konum sem vinna á einkaheimilum hér á landi? Ef svo er, hve margar eru kvartanirnar, hver tók við þeim og hvernig hefur verið unnið úr þeim?